

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1580
komudagur 25.4.2005



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

20. apríl 2005

Efni: Frumvarp um Ríkisendurskoðun, 242.mál, útboð endurskoðunar og um aukatekjur ríkissjóðs, 243.mál

SVP- Samtök verslunar og þjónustu fagna framkomu frumvarpsins um Ríkisendurskoðun og taka undir orð flutningsmanna um að heppilegt kunni að vera að bjóða út mörg þeirra verkefna sem Ríkisendurskoðun hefur nú á sinni könnu. Með því er á engan hátt slakað á kröfum, en hagræðing er líkleg og eðlileg atvinnusköpun fylgir þessu. SVP hvetja Alþingi til að samþykkja frumvarpið.

SVP telja frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 243.mál um lækkun gjalda vegna skráningar félaga stutt sterkum rökum sem styðja samþykkt þess. Samtökin taka undir þessi rök, m.a. varðandi það að há gjöld komi niður á nýsköpun, og styðja samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri